



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

ÞJÓNUSTA FYRIR ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK



Efnisyfirlit

Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs	3
Félagsmiðstöðvar	4
Borgarbókasafn Reykjavíkur	5
Listasöfn Reykjavíkur	5
Hreyfing	6
Heimþjónusta í Reykjavík	7
Félagsleg heimþjónusta	7
Heimahjúkrun	7
Iðjupjálfun	7
Heitur matur í félagsmiðstöðvunum	7
Akstursþjónusta	8
Heimsendur matur	8
Þjónustuíbúðir	9
Dagdvöl fyrir aldraða	10
Hvíldar- og endurhæfingarinnlagnir	11
Dvalar- og hjúkrunarheimili	11
Öldungaráð Reykjavíkurborgar	12
Gott að vita	13
Áttavitar í þjónustu borgarinnar	



Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs

Upplýsingar og ráðgjöf

Helstu verkefni þjónustumiðstöðva eru miðlun upplýsinga um þjónustu borgarinnar, aðstoð við gerð rafrænna umsókna, félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, afgreiðsla húsaleigubóta, sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla, frístundaþjónusta, félagsleg heimaþjónusta, stuðningsþjónusta og margt fleira. Íbúar í Reykjavík geta leitað eftir upplýsingum og ráðgjöf í þjónustumiðstöð í sínu hverfi varðandi ýmis mál, s.s. fjármál, húsnæðisúrræði, heimaþjónustu, færni- og heilsumat og stuðning. Ráðgjöfin er ókeypis. Í Reykjavík eru starfandi fimm þjónustumiðstöðvar sem veita alhliða fjölskylduþjónustu og upplýsingar um aðra þjónustu borgarinnar.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða
Laugavegur 77

sími: 411 1600

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
Efstaleiti 1

sími: 411 1500

Þjónustumiðstöð Breiðholts
Álfabakki 12

sími: 411 1300

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
Hraunbær 115

sími: 411 1200

Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Miðgarður, Gylfaflöt 5

sími: 411 1400

Félagsmiðstöðvar

Félagsstarf fyrir Reykvíkinga á öllum aldri er í boði í félagsmiðstöðvum víðsvegar um borgina. Íbúar geta tekið þátt í félagsstarfi í hvaða hverfi sem er óháð búsetu þeirra. Fjölbreytni starfseminnar er mikil og fer eftir áhugasviði þátttakenda hverju sinni. Sem dæmi má nefna myndlist, tölvunámskeið, klúbbastarf, spilamennsku, kórastarf, skoðunarferðir, dans og leikfimi. Einnig eru ýmsir viðburðir árlegir og/eða tilfallandi, svo sem grillveislur, haustfagnaðir, þorrablót, dansleikir og leikhúsferðir.

Mikil áhersla er lögð á sjálfsprottið félagsstarf og hver og einn getur haft áhrif á þróun þess.

Ekki þarf að sækja fyrirfram um þátttöku í félagsstarfi. Það er nóg að mæta á staðinn eða hringja í félagsmiðstöðina. Það þarf einungis að skrá sig á skipulögð námskeið. Nánari upplýsingar um dagskrá félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar er hægt að fá á hverri félagsmiðstöð og einnig eru upplýsingar um starf eldri borgara á www.reykjavik.is.

Félagsmiðstöðvar eru á eftirtöldum stöðum:

Vesturbær

Aflagrandi 40

sími: 411 2700

Miðborg og Hlíðar

Bólstaðarhlíð 43

sími: 535 2760

Langahlíð 3

sími: 411 2550

Vitatorg, Lindargata 59

sími: 411 9450

Vesturgata 7

sími: 535 2740

Laugardalur og Háaleiti

Hvassaleiti 56-58

sími: 535 2720

Norðurbrún 1

sími: 411 2760

Dalbraut 27

sími: 411 2500

Dalbraut 18 - 20

sími: 588 9533

Hæðargarður 31

sími: 411 2790

Sléttuvegur 11

sími: 568 2586

Breiðholt

Árskógar 4

sími: 535 2700

Félagsstarfið Gerðubergi

sími: 411 6195

Árbær og Grafarholt

Hraunbær 105

sími: 411 2730

Grafarvogur og Kjalarnes

Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi sími: 517 3040

www.korpulfar.is

Borgir

sími: 517 7055



Borgarbókasafn Reykjavíkur

Upplýsingar um bókasöfn í Reykjavík er að finna á www.borgarbokasafn.is eða í **síma: 411 6100**.

Útlánaþjónusta eru almenn útlán á bókum og öðru safnaefni. Stofnanaþjónusta eru útlán á bókum til stofnana og þjónustuíbúðakjarna.

Bókabíllinn - sími: 699 0316.

Bókin heim er heimsendingarþjónusta einu sinni í mánuði.

67 ára og eldri þurfa ekki að greiða fyrir

bókasafnskírteini (menningarkort) sem jafnframt gildir á Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn Reykjavíkur. Auk hefðbundinnar þjónustu safnanna eru í boði ýmis konar viðburðir og uppákomur sem höfða oftast en ekki til eldri borgara. Hægt er að fylgjast með dagskrá á heimasíðu safnanna: <http://reykjavik.is/thjonusta/borgarbokasafn-reykjavikur>.

Menningarsöfn Reykjavíkur

Gerðuberg menningarmiðstöð,
Gerðubergi 3 - 5, 111 Reykjavík.
vefslóð: www.gerduberg.is
netfang: gerduberg@reykjavik.is

sími: 411 6170

Listasafn Reykjavíkur,
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík.
Vefslóð: www listasafnreykjavikur.is
netfang: listasafn@reykjavik.is

sími: 411 6400

Kjarvalsstaðir, Flólagötu 24, 105 Reykjavík.
Vefslóð: www listasafnreykjavikur.is
netfang: listasafn@reykjavik.is

sími: 411 6420

Ásmundarsafn, Sigtúni, 105 Reykjavík.
Vefslóð: www listasafnreykjavikur.is
netfang: listasafn@reykjavik.is

sími: 411 6430

Ljósmyndasafn Reykjavíkur,
Grófarhúsinu Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík.
Vefslóð: www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
netfang: ljosmyndasafn@reykjavik.is

sími 411 6390

Borgarsögusafn, Grandagarði 8, 101 Reykjavík
Vefslóð: <http://www.borgarsogusafn.is>
netfang: borgarsogusafn@reykjavik.is

sími 411 6300



Hreyfing

Heilsuefning og lýðheilsa eru afar mikilvægir þættir í lífsgæðum borgarbúa. Hlutfall eldra fólks af íbúum Reykjavíkur er stöðugt að hækka og mikilvægt er að huga að heilsu á öllum aldurs skeiðum. Eldri borgarar geta sótt hreyfingu einkarekinna líkamsræktarstöðva og oft eru tilboð og dagskrá sniðin að aldri þeirra. Rannsóknir benda til að fátt sé betra en útvera og hreyfing þegar kemur að andlegri og líkamlegri heilsu manna. Í félagsstarfi velferðarsviðs er boðið upp á fjölbreytta hreyfingu, má þar nefna t.d. boccia, gönguhópa og jóga. Mikið

framboð er á hreyfingu fyrir eldri borgara og oftar en ekki er afsláttur af hreyfingu fyrir eftirlaunaþega.

Upplýsingar um sundlaugar í Reykjavík er að finna á www.reykjavik.is/sundlaugar eða í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar í síma: 411 1111.

Boðið er upp á vatnsleikfimi, sundkennslu og leikfimi fyrir aldraða, og er nánari upplýsingar um stundaskrá að finna á <http://reykjavik.is/sundlaugar-i-reykjavik>.

Frítt er í sundlaugar í Reykjavík fyrir 67 ára og eldri.

Heimaþjónusta í Reykjavík

Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki annast heimilishald eða persónulega umhirðu hjálparlaust. Þjónustan er fyrir fólk á öllum aldri. Almenn þjónusta er veitt á daginn en hægt er að sækja um aðstoð á kvöldin og um helgar.

Þjónustan er margbreytileg og reynt er að mæta þörfum hvers og eins. Starfsfólk leitast við að mæta persónulegum þörfum og eru félagslegur stuðningur, heimilisstörf, þrif, hvatning, samvera og samstarf mikilvægir þættir í starfinu.

Starfsfólkið vinnur í nánú samstarfi við starfsfólk heimahjúkrunar þegar við á, með það að markmiði að veita betri þjónustu. Sótt er um heimaþjónustu á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs. Einnig er hægt að prenta umsókn út af netinu og skila útfylltri á þjónustumiðstöð velferðarsviðs. Vefslóðin er www.reykjavik.is - https://rafraen.reykjavik.is/content/files/public/umsokn_um_felagslega_heimathjonustu_2016.pdf

Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er ætluð þeim sem búa heima og þarfnast hjúkrunar. Markmið þjónustunnar er að gera fólki kleift að búa sem lengst heima við sem bestar aðstæður. Allar beiðnir um heimahjúkrun í Reykjavík verða að berast skriflega frá hjúkrunarfræðingum eða læknum á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum eða lækna stofum. Velferðarsvið veitir

heimahjúkrun allan sólarhringinn í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, kvöld-, helgar- og næturheimahjúkrun Mosfellsbæ og næturþjónustu í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Umsóknir um heimahjúkrun verða að berast frá starfsfólki Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landspítala Háskólasjúkrahúsi eða lækna stofum.

Iðjubjálfun

Fagfólk í heimaþjónustu sækir um aðkomu iðjubjálfa. Iðjubjálfar fara á heimili þeirra sem fá heimahjúkrun eða félagslega heimaþjónustu. Iðjubjálfar meta færni einstaklings m.t.t. athafna

daglegs lífs, meta þörf á hjálpartækjum, veita ráðgjöf, sinna eftirfylgd o.fl. Markmið með iðjubjálfun er að einstaklingar geti betur tekist á við daglegt líf.

Heitur matur í félagsmiðstöðvum

Hægt er að kaupa heitan mat í hádeginu á virkum dögum í félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Þar er einnig hægt að kaupa kaffi og meðlæti. Listi yfir félagsmiðstöðvar er á blaðsíðu fjögur. Hádegisverður á félagsmiðstöð er pantaður með því að hringja með fyrirvara (oftast fyrir kl. níu samdægurs

nema með dagsfyrirvara í Borgum). Öllum er velkomið að borða á félagsmiðstöðvum borgarinnar óháð aldri og búsetu. Máltíðir eru niðurgreiddar fyrir eldri borgara og öryrkja. Einnig er hægt að skrá sig í fæði ákveðna daga. Þess ber að geta að eldhúsið að Vítorgi við Lindargötu er opið alla daga ársins.

Akstursþjónusta

Reykvíkingar 67 ára og eldri sem búa í heimahúsum geta fengið akstursþjónustu ef þeir eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki. Sótt er um akstursþjónustu á þjónustumiðstöðvum

velferðarsviðs með því að fylla út umsókn þar. Einnig er hægt að prenta umsókn út af netinu og skila útfylltri í þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs. Vefslóðin er [www.reykjavik.is - http://reykjavik.is /thjonusta/ akstursthjonusta-eldri-borgara](http://www.reykjavik.is-thjonusta/akstursthjonusta-eldri-borgara).

Heimsendur matur

Þeir sem ekki geta annast matseld sjálfir og sjá sér ekki fært að fara í mat í næstu félagsmiðstöð geta fengið heimsendan mat. Sótt er um heimsendan mat á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs. Einnig er hægt að prenta umsókn út af netinu og skila útfylltri á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs.

Vefslóðin er [www.reykjavik.is - http://reykjavik.is/thjonusta/pantanir-og-matsedlar-fyrir-heimsendan-mat-og-hadegisverd-i-felagsmidstodvum](http://www.reykjavik.is-thjonusta/pantanir-og-matsedlar-fyrir-heimsendan-mat-og-hadegisverd-i-felagsmidstodvum) eða hringja í síma 411 9450 og fá upplýsingar um það sem í boði er.



Þjónustuíbúðir

Þjónustuíbúðir eru ætlaðar fólki sem þarf meiri aðstoð og stuðning en hægt er að veita í heimahúsum.

Í þjónustuíbúðum er m.a: Sólarhringsvakt, þrif á sameign, fæði, félags- og tómstundastarf auk heimaþjónustu.

Þjónustuíbúðir Reykjavíkurborgar eru á eftirtöldum stöðum:

Lönguhlíð 3

sími: 411 2550

Dalbraut 27

sími: 411 2500

Furugerði 1

sími: 411 2740

Lindargötu 57-66

sími: 411 9450

Norðurbrún 1

sími: 411 2760

Seljahlíð v/Hjallasel*

sími: 540 2400

Eirborgir - Fróðengi 1 - 11*

sími: 560 1090

**Öryggisíbúðir*

*Sótt er um þjónustuíbúð í þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs með því að fylla út umsókn þar. Einnig er hægt að prenta umsókn út af netinu og skila útfylltri í þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs. Vefslóðin er **www.reykjavik.is -***

https://rafraen.reykjavik.is/content/files/public/Thjonustuibudir_2016.pdf



Dagdvöl fyrir aldraða

Dagdvöl er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum og þurfa meiri þjónustu en veitt er í félagsmiðstöðvum. Þar er boðið upp á tólmstundaiðju,

hreyfiþjálfun, fæði, hvíldaraðstöðu, aðstoð við böðun og heilsufarseftirlit. Gestir eru sóttir að morgni og þeim ekið heim síðdegis.

Reykjavíkurborg rekur dagdvöl fyrir aldraða á tveimur stöðum:

Vitatorgi, Lindargötu 57

sími: 411 9466*

Þorraseli, Vesturgötu 7

sími: 535 2740

Aðrar dagdvalir fyrir aldraða í Reykjavík eru:

Hlíðabær, Flókagötu 53

sími: 562 1722*

Eir – Borgarsel, Fróðengi 5 - 7

sími: 555 1221*

Eir, Hlíðarhúsum 7

sími: 522 5700*

Fríðuhús, Austurbrún 31

sími: 533 1084*

Maríuhús, Blesugróf 27

sími: 534 7100*

Múlabær, Ármúla 34

sími: 568 1330

Dagdvöl Hrafnista, Laugarási

sími: 585 9390

**Stjarna í upptalningu hér að ofan þýðir að þetta er dagdvöl fyrir fólk með heilabilun. Beiðni um dagdvöl í Múlabæ og Þorraseli er beint til deildarstjóra viðkomandi dagdvalar sem veitir frekari upplýsingar. Beiðni um dagdvöl fyrir Vitatorg, Hlíðabæ, Fríðuhús, Maríuhús og Eir fer í gegnum minnismóttökuna á Landakoti, sími: 543 1000.*



Hvíldar- og endurhæfingarinnlagnir

Hvíldar- og endurhæfingarinnlagnir eru ætlaðar þeim sem eru með þjónustu heimahjúkrunar og þjónustupegum öldrunarsviðs Landspítala.

Hjúkrunarfræðingur hjá heimahjúkrun í Reykjavík heldur utan um beiðnir en þær koma frá fagfólki í heilbrigðis- og heimaþjónustu.

Dvalar- og hjúkrunarheimili

Dvalar- og hjúkrunarheimili eru fyrir þá sem geta ekki búið sjálfstætt. Á dvalar- og hjúkrunarheimilum er sólarhringsþjónusta og lækniþjónusta. Einnig er hægt að fá þar sjúkra- og iðjubjálfun, fót snyrtingu, hárgreiðslu, hreyfipjálfun og böðun auk þess sem þar er hægt að stunda ýmiss konar tómstundaiðju.

Þegar sótt er um dvalar- eða hjúkrunarheimili þarf að liggja fyrir svokallað færni- og heilsumat sem sótt er um á sérstöku umsóknareyðublaði. Ef þörf krefur getur heimilislæknir aðstoðað við gerð umsóknarinnar. Upplýsingar um færni- og heilsumat má finna á vef Landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is.

Dvalar- og hjúkrunarheimili í Reykjavík eru eftirfarandi:

Grund við Hringbraut (www.grund.is)	sími: 530 6100
Hrafnista (www.hrafnista.is)	sími: 585 9500
Droplaugarstaðir (www.droplaugarstadir.is)	sími: 414 9500
Eir (www.eir.is)	sími: 522 5700
Seljahlíð (www.velferdarsvid.is)	sími: 540 2400
Skjól/Laugaskjól (www.skjol.is)	sími: 522 5600
Skógarbær (www.skogar.is)	sími: 510 2100
Sóltún (www.soltun.is)	sími: 590 6000
Mörkin (www.morkhjukrunarheimili.is)	sími: 560 1700
Fell í Skipholti	sími: 562 1671



Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Um ráðið

Öldungaráð verður nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um

málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri

Fulltrúar

Öldungaráð er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Tveir aðal- og varamenn eru tilnefndir af borgarstjórn,

tveir koma frá Félagi eldri borgara og einn frá Samtökum aldraðra. Velferðarsvið tilnefnir áheyrnarfulltrúa.

Verksvið

Verksvið ráðsins er að vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar

upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess.

Vefslóð öldungaráðs er: <http://reykjavik.is/radognefndir/oldungarad>

Netfang öldungaráðs er: oldungarad@reykjavik.is

Gott að vita

Reykjavíkurborg:

Þjónustuver Reykjavíkurborgar
sími: 411 1111

Netfang: upplýsingar@reykjavik.is

Á forsiðu borgarinnar, www.reykjavik.is er opið netspjall frá 08:20 - 16:15 alla virka daga.

Ábendingavefur borgarinnar er til að senda inn ábendingu um þjónustu við borgarlandið (hreinsun, götulýsingu, holur í götum o.fl.) <http://reykjavik.is/thjonusta/abendingar-til-borgarinnar>

Reykjavíkurborg heldur úti nokkrum vefsjám. Þær eru:

Borgarvefsjá, sem veitir á einfaldan hátt upplýsingar úr gögnum landupplýsingakerfis Reykjavíkur: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Framkvæmdasjá, sem sýnir upplýsingar um nýframkvæmdir og stærri viðhaldsverkefni Reykjavíkurborgar:

<http://reykjavik.is/framkvaemdir-i-reykjavik-framkvaemdasja>

Úttektarvefur landupplýsingakerfis Reykjavíkur gefur skráðum notendum kost á að sækja gögn á stafrænu formi: <http://reykjavik.is/thjonusta/uttektarvefur-lukr>

Skipulagssjá birtir aðal- og deiliskipulag af Reykjavík: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/>

Reykjavík í þrívídd er vefur í vinnslu þar sem fyrst um sinn verður lögð áhersla á að klára þrívíddarmodel af Kvosinni: <http://reykjavik.maps.arcgis.com/apps/CEWebViewer/viewer.html?3dWebScene=c2373db1b5c041eaa85818eb1cd62fed>

Hægt er að finna vefþjónustur og kort af Reykjavík á vegum ýmissa aðila á slóðinni: <http://reykjavik.is/thjonusta/vefthjonustur>

112

Eitt númer – Allt landið
Neyðarnúmer landsmanna

1717

Hjálparsími Rauða krossins
Opinn allan sólarhringinn

Blindrafélagið

Hamrahlíð 17, sími: 525 0000.
Blindrafélagið starfar að hagsmunamálum blindra og sjónskertra. Á hljóðbókasafni er hægt að fá leigðar hljóðbækur, vefslóð: www.blind.is og netfang: blind@blind.is

Búmenn

húsnæðissamvinnufélag, Akralind 4, sími: 552 5644. Félagasamtök um nýjar leiðir í húsnæðismálum eldra fólks þar sem allir fimmtugir og eldri geta gerst félagsmenn, vefslóð: www.bumenn.is og netfang: bumenn@bumenn.is

FÁÍA

Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra starfar innan UMFÍ, Ungmennafélags Íslands, Sigtúni 42, sími 568 2929, vefslóð: www.umfi.is og netfang: umfi@umfi.is

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga

og annarra skyldra sjúkdóma, Hátúni 10, sími: 533 1088, vefslóð: www.alzheimer.is og netfang: alzheimer@alzheimer.is

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Stangarhyl 4, sími: 588 2111. Hlutverk þess er að gæta hagsmuna eldri borgara auk þess sem félagið stendur fyrir ýmsu félagsstarfi, s.s. kórastarfi, skák, zumba og Íslendingasögum. Félagið hefur einnig staðið fyrir byggingu íbúða fyrir eldri borgara, vefslóð: www.feb.is og netfang: feb@feb.is

Félag heyrnarlausra

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð, sími: 561 3560, vefslóð: www.deaf.is og netfang: deaf@deaf.is

Heilsugæsla

Upplýsingar um heilsugæslu er að finna á www.heilsugaeslan.is eða hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í síma: 585 1300.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Háaleitisbraut 1, sími: 581 3855. Alhliða þjónusta við heyrnarskerta og þá sem eru með talmein, t.d. læknisskoðun, heyrnarmæling, hlustarmóttaka, ráðgjöf við kaup á heyrnartækjum og viðgerðir á hjálpartækjum, vefslóð: www.hti.is og netfang: hti@hti.is

Hjálparstarf kirkjunnar

Háaleitisbraut 66, sími: 528 4400. Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð allt árið. Sótt er um hjá prestum um allt land, vefslóð: www.help.is

Kirkjur og önnur trúfélög

Kirkjur og trúfélög bjóða dagskrá fyrir eldri borgara. Upplýsingar um Þjóðkirkjuna er að finna á slóðinni www.kirkjan.is eða hjá ellimálafulltrúa Reykjavíkúrprófastsdæma í síma 567 4810.

Lista yfir skráð trúfélög utan Þjóðkirkjunnar má nálgast á vef dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, www.domsmalaraduneyti.is.

Landspítali Háskólasjúkrahús

sími: 543 1000, vefslóð: www.landspitali.is

Landssamband eldri borgara

Sigtúni 42, sími: 567 7111 og 895 6100. Regnhlífasamtök fyrir öll félög eldri borgara á landinu, vefslóð: www.leb.is og netfang: leb@leb.is

Landssamtök lífeyrissjóða

Guðrúnartúni 1, sími: 563 6450. Landssamtökin eru heildarsamtök lífeyrissjóða, vefslóð: www.ll.is og netfang: ll@ll.is

Lögregla

höfuðborgarsvæðisins

sími: 444 1000, vefslóð www.logregla.is

Minnismóttaka göngudeildar öldrunarþjónustu lyflæknissviðs LSH

Landakoti, sími 543 9900 eða 543 9850. Á deildinni fer fram greining og meðferð á heilabilunarsjúkdómum.

Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands

Efstaleiti 9, sími: 570 4000, vefslóð: www.redcross.is og netfang: reykjavik@redcross.is

Samtök aldraðra, byggingarfélag

Síðumúla 29, sími: 552 6410. Allir 60 ára og eldri geta verið félagar, vefslóð: www.aldradir.is og netfang: samtokaldradra@heimsnet.is

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Grensásvegi 9, sími: 562 7702 og 896 7701 (sms). Samskiptamiðstöð rekur túlkajónustu milli íslensks táknmáls og íslensku, vefslóð: www.shh.is og netfang: shh@shh.is

Samtök um kvennaathvarf

sími: 561 3720, neyðarnúmer: 561 1205. Athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna, vefslóð: www.kvennaathvarf.is og netfang: kvennaathvarf@kvennaathvarf.is

Sjúkratryggingar Íslands

Vínlandsleið 16, sími 515 0000, sjá um afgreiðslu allra sjúkratrygginga, slysabóta, öryggishnappa og hjálpartæki. Vefslóð: www.sjukra.is og netfang: sjukra@sjukra.is

Slysavarnarfélagið Landsbjörg

Skógarhlíð 14, sími: 570 5900. Ráðgjöf og fræðsla um slysavarnir í heimahúsum, vefslóð: www.landsbjorg.is og netfang: skrifstofa@landsbjorg.is

Strætó

Pönglabakka 4, sími: 540 2700, vefslóð: www.straeto.is

Tryggingastofnun

Laugavegi 114, sími: 560 4400, sér um ellilífeyrisgreiðslur og aðrar greiðslur almannatrygginga. vefslóð: www.tr.is og netfang: tr@tr.is

U3A

Samtök um þriðju kynslóðina, fólk sem er komið á eftirlaun eða farið að huga að starfslokum. Sími: 561 7797, vefslóð: u3a.is og netfang: u3areykjavik@u3a.is


Vildarhús byggingafélag

eða lífsgæðafélag sem leggur áherslu á að auðvelda eldra fólki að breyta búsetu og auka þannig lífsgæði. Engjateigur 5, sími: 588 3242, vefslóð: www.vildarhus.is og netfang: vildarhus@vildarhus.is

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17, sími: 545 5800. Vefslóð: www.midstod.is og netfang: midstod@midstod.is

Áttavitar í þjónustu Reykjavíkurborgar

- 
- Við tökum hlýlega á móti viðskiptavinum
 - Við sinnum viðskiptavinum fljótt og vel
 - Við vinnum saman og vísum engum erindum frá
 - Við komum fram við viðskiptavini af virðingu
 - Við gætum trúnaðar við viðskiptavini
 - Við leitum lausna og leiða í þágu viðskiptavina
 - Við tökum við ábendingum og kvörtunum
 - Við berum virðingu fyrir ásýnd okkar og umhverfi

2017

Þjónustuhópur aldraðra í Reykjavík í samvinnu
við velferðarsvið Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

